

Öryggisfjarskipti ehf.

Ársreikningur

2025

Öryggisfjarskipti ehf.

Skógarhlíð 14

101 Reykjavík

Kt. 641106-1430

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun Ríkisendurskoðunar	5
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Meginstarfsemi félagsins

Félagið var stofnað 20. október 2006 og megintilgangur þess er að veita öryggisfjarskiptaþjónustu. Félagið rekur í þeim tilgangi meðal annars Tetra fjarskiptakerfið, fjarskiptakerfi vaktstöðvar siglinga auk mannvirkja um allt land fyrir fjarskipti og fleira. Félagið leigir meginhluta eigna sinna til Neyðarlínunnar ohf. sem á 14,22% eignarhlut í félaginu en leigir einnig Landhelgisgæslunni flugskýli við Reykjavíkflugvöll.

Rekstur ársins og efnahagur

Samkvæmt rekstrarreikningi var hagnaður af rekstri félagsins 203 millj. kr. á árinu 2025. Í árslok 2025 námu eignir félagsins 2.427 millj. kr. og eigið fé nam 2.294 millj. kr. í árslok 2025 samkvæmt efnahagsreikningi að meðtöldu hlutafé að fjárhæð 1.160 millj. kr. Eiginfjárhlutfall nam 95% í árslok 2025. Rekstrarfjármunir félagsins eru metnir á afskrifuðu kostnaðarverði. Einn starfsmaður var á launaskrá hjá félaginu á árinu.

Starfsemin á árinu

Í Tetra kerfinu var unnið að uppsetningu senda á nokkrum stöðum um allt land. Á félagið nú um 220 Tetra senda. Félagið fékk úthlutað hjá Fjarskiptastofu tíðni á árinu 2022 fyrir næstu kynslóð neyðar- og öryggisfjarskipta. Í fyrstu er því kerfi ætlað að mæta þörfum fyrir öruggan gagnaflytning en seinna meir til endurnýjunar á Tetra kerfinu. Óskað hefur verið eftir því við stjórnvöld að þau móti stefnu um með hvaða hætti verði staðið að því að koma slíku kerfi á. Í tíðnileyfinu var kvöð um þátttöku í verkefni með farsímafélögum um að koma á 100% dekkun á stofnvegum. Sú kvöð var felld út í endurútgáfu leyfisins á árinu en í þess stað kom kvöð um aðild að samræmingu verksins og að halda utan um framgang þess. Stefnt er að því að undirbúningur að næstu kynslóð hefjist á árinu 2026 í samstarfi við stjórnvöld og helstu notendur neyðar- og öryggisfjarskipta. Næsta kynslóð mun byggja á sömu tækni og farsímaþjónusta og er viðbúið að samstarf við farsímafélögin verði því talsvert.

Félagið á um 60 senda sem tilheyra vaktstöð siglinga sem eru að verða 20 ára og er orðið erfitt að viðhalda þeim þar sem ekki fást í þá varahlutir. Á árinu 2025 gerði Neyðarlínan, sem leigir þessa senda, nýjan samning við Vegagerðina til 10 ára. Það þarf því endurnýjun senda vaktstöðvarinnar sem gerist á árunum 2026-2028 og var unnið að undirbúningi þess á árinu.

Félagið á nú um tæplega 90 fastar og færanlegar vararafstöðvar og var unnið að viðhaldi, endurnýjun og fjölgun þeirra eftir þörfum.

Unnið var að endurbótum á nokkrum fjarskiptastöðum og byggingu annarra. Félagið á nú um 140 mannvirki um allt land. Lokið var við byggingu smávirkjunar á Möðrudalsöræfum við Þjóðveg 1 og var hún tekin í notkun í október. Lokið var við undirbúning þess að breyta 700 m² húsnæði á Hólmsheiðarvegi 151 þannig að það nýtist leigutaka betur og hófust framkvæmdir við það í janúar 2026.

Unnið var að nokkrum lagfæringum á ytra byrði flugskýlisins fyrir Landhelgisgæsluna en á því varð foktjón og ganga þurfti betur frá nokkrum byggingarhlutum. Byggingafulltrúi gaf út lokaúttekt á árinu og telst skýlið þar með fullklárað. Enn er ólokið skráningu lóðar undir skýlið en það hefur tafist vegna lóðamála flugvallarins.

Félagið tók að sér fyrir innviðaráðuneytið að leggja ljósleiðara um Skaga til að tryggja öryggi fjarskipta á Skagaströnd og á Skaga með tvítengingum ljósleiðarakerfa. Verkið var unnið í samstarfi við Rarik og Milu og lauk því í byrjun janúar 2026. Gerður verður samningur við ráðuneytið um fleiri sambærileg verkefni það er tvítengingar ellefu annarra þéttbýla um allt land. Unnið var að undirbúningi þess verkefnis og er gert ráð fyrir að meginþungi framkvæmda því tengt verði á árunum 2026 og 2027.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra, frh:

Starfsemin á árinu, frh.

Unnið var að undirbúningi þess að færa eignarhald félagsins frá Ríkissjóð til Farice ehf. samhliða því að færa fjarskiptatengda starfsemi Neyðarlínunnar til Farice. Hluthafar félaganna gengu frá samkomulagi vegna þessa 22. desember og er verið er að undirbúa þær breytingar sem af þessu leiða.

Ráðstöfun hagnaðar

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur út arður til hluthafa á árinu 2026, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hagnaðar.

Hlutfé og eignarhald

Í upphafi og lok árs voru hluthafar tveir og greinast hlutir þeirra þannig:

Ríkissjóður, 85,78%	995.000.000
Neyðarlínan ohf. 14,22%	165.000.000
	<u>1.160.000.000</u>


Stjórn félagsins er skipuð einum aðalmanni og einum til vara. Aðalmaður er karl, varamaður er kona.

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn og framkvæmdastjóri Öryggisfjarskipta ehf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2025 með undirritun sinni.

Reykjavík, 13. apríl 2026

Stjórn og framkvæmdastjóri:



Áritun Ríkisendurskoðunar

Til stjórnar og hluthafa Öryggisfjarskipta ehf.

Álit

Ársreikningur Öryggisfjarskipta ehf. fyrir árið 2025 er endurskoðaður samkvæmt lögum nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit Ríkisendurskoðunar að ársreikningurinn sýni glögga mynd af fjárhagsstöðu Öryggisfjarskipta ehf. 31. desember 2025, afkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð ríkisendurskoðanda hér á eftir. Ríkisendurskoðandi er óháður Öryggisfjarskiptum ehf. og starfar í samræmi við lög nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, og siðareglur alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI). Skrifstofa ríkisendurskoðanda nefnist Ríkisendurskoðun og fer hann með stjórn hennar. Ríkisendurskoðandi telur að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit Ríkisendurskoðunar á ársreikningnum.

Aðrar upplýsingar

Að álit Ríkisendurskoðunar koma fram í skýrslu stjórnar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri (stjórnendur) eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lögum ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreiknings eru stjórnendur ábyrgir fyrir því að meta rekstrarhæfi Öryggisfjarskipta ehf. og setja inn skýringu ef þess er þörf. Ef við á skulu stjórnendur setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendu um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreiknings, nema stjórnendur hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að leysa félagið upp.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð ríkisendurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið ríkisendurskoðanda er að afla sé nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit Ríkisendurskoðunar á ársreikningnum. Nægjanleg vissu er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Áritun Ríkisendurskoðunar, frh.:

Endurskoðun var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og hún byggir á faglegri dómgreind og gagnrýni. Einnig framkvæmir Ríkisendurskoðun eftirfarandi:

- Greinir og metur hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, endurskoðunaraðgerðir skipulagðar og framkvæmdar til að bregðast við þeirri hættu og aflað endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit á reikningnum. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá reglum innra eftirlits.
- Afklar skilnings á innra eftirliti í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggi viðunandi árangur.
- Metur hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningsskilareglur.
- Ályktar um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og á grundvelli endurskoðunarinnar leggur mat á hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef endurskoðunin leiðir í ljós að talið sé að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreiknings í áritun Ríkisendurskoðunar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þarf að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða Ríkisendurskoðunar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Engu að síður geta aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metur í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metur framsetningu, uppbyggingu og innihald, þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Ríkisendurskoðun ber að upplýsa stjórn félagsins um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og mikilvæg atriði sem fram komu við endurskoðunina, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Ríkisendurskoðun, 13. apríl 2026

Guðmundur Björgvin Helgason
ríkisendurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrartekjur			
Leigutekjur		550.113.066	526.978.281
Aðrar tekjur		41.371.808	50.567.562
		<u>591.484.874</u>	<u>577.545.843</u>
Rekstrargjöld			
Viðhaldskostnaður		97.788.687	81.033.287
Fjarskiptaleyfi		753.960	661.000
Laun og launatengd gjöld	4	27.804.999	12.931.923
Annar rekstarkostnaður		61.503.661	49.837.163
Afskriftir	6	168.742.527	187.856.799
		<u>356.593.834</u>	<u>332.320.172</u>
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsgjöld		234.891.040	245.225.671
Vaxtatekjur		24.051.324	6.322.551
Vaxtagjöld	(	<u>4.785.793)</u>	<u>(27.099.932)</u>
		19.265.531	<u>(20.777.381)</u>
Hagnaður fyrir tekjuskatt		254.156.571	224.448.290
Tekjuskattur	5	<u>(50.835.594)</u>	<u>(46.839.054)</u>
Hagnaður ársins	9	<u><u>203.320.977</u></u>	<u><u>177.609.236</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

	Skýr.	31.12.2025	31.12.2024
Eignir			
Óefnislegar eignir		14.877.000	9.747.000
Rekstrarfjármunir		1.913.396.640	2.030.479.458
Fastafjármunir	6,7	1.928.273.640	2.040.226.458
Krafa á Neyðarlínuna ohf.		150.035.410	78.163.582
Aðrar skammtímakröfur		34.189.273	1.107.961
Handbært fé		314.712.251	187.164.044
Veltufjármunir		498.936.934	266.435.587
Eignir samtals		2.427.210.574	2.306.662.045
Eigið fé			
Hlutfé	8	1.160.000.000	1.160.000.000
Lögbundinn varasjóður		115.051.057	94.718.959
Óráðstafað eigið fé		1.018.878.748	835.889.869
Eigið fé	9	2.293.929.805	2.090.608.828
Langtímaskuldbindingar			
Tekjuskattsskuldbinding	10	17.729.084	16.920.147
Langtímaskuldbindingar samtals		17.729.084	16.920.147
Skammtímaskuldir			
Skuldir við lánastofnanir		0	121.265.236
Viðskiptaskuldir		34.615.969	5.969.157
Fyrirfram innheimtir styrkir	12	15.000.000	15.000.000
Aðrar skammtímaskuldir		15.909.059	16.049.137
Tekjuskattur til greiðslu	11	50.026.657	40.849.540
Skammtímaskuldir samtals		115.551.685	199.133.070
Skuldir samtals		133.280.769	216.053.217
Eigið fé og skuldir samtals		2.427.210.574	2.306.662.045

Sjóðstreymisyfirlit árið 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins		203.320.977	177.609.236
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna		(627.440)	(14.743.043)
Afskriftir	6	168.742.527	187.856.799
Tekjuskattsskuldbinding, breyting	10	808.937	5.989.514
Veltufé frá rekstri		372.245.001	356.712.506
Skammtímakröfur, breyting		(33.081.310)	47.912.394
Skammtímaskuldir, breyting		37.683.851	4.039.996
Handbært fé frá rekstri		376.847.542	408.664.896
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	6	(57.290.271)	(100.574.378)
Sala rekstrarfjármuna		1.128.000	27.408.300
Fjárfestingarhreyfingar		(56.162.271)	(73.166.078)
Fjármögnunarhreyfingar			
Innborgað hlutafé		0	0
Skuldir við lánastofnanir, breyting		(121.265.236)	(146.759.889)
Kröfur og skuldir við tengda aðila, breyting		(71.871.828)	(12.586.271)
Fjármögnunarhreyfingar		(193.137.064)	(159.346.160)
Breyting á handbæru fé		127.548.207	176.152.658
Handbært fé í ársbyrjun		187.164.044	11.011.386
Handbært fé í árslok		314.712.251	187.164.044

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Öryggisfjarskipti ehf. er einkahlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Félagið er með heimilisfesti á Íslandi og er lögheimili félagsins að Skógarhlíð 14, 105 Reykjavík.

2. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

a. Erlendir gjaldmiðlar og fjármagnskostnaður

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðli á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörssdegi. Gengismunur sem myndast er færður meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda í rekstrarreikning. Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

b. Innlaun tekna

Tekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar til þeirra hefur verið unnið.

c. Rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Húsnæði	33 ár
VSS kerfi	8 ár
Tetra kerfi	10 ár

Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna er munurinn á söluverði og bókfærðu verði eignarinnar og er færður í rekstrarreikning meðal annarra tekna en tap af sölu meðal annars rekstrarkostnaðar.

Óefnislegar eignir eru færðar til eignar að uppfylltum skilyrðum laga um ársreikninga og settra reikningsskilareglna, á kostnaðarverði að teknu tilliti til virðisrýrnunar eftir því sem við á. Afskriftir eru reiknaðar með kerfisbundnum hætti á áætluðum nýtingartíma og miðast við notkun eignarinnar á nýtingartíma hennar. Óefnislegar eignir sem ekki hafa verið teknar í notkun eru því áfram metnar á kostnaðarverði þar til nýting hefst.

d. Skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur voru óverulegar í árslok 2025 og því ekki tilefni til neinnar varúðarafskriftar af slíkum kröfum.

e. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af bankainnstæðum.

f. Tekjuskattur

Tekjuskattur af afkomu samanstendur af tekjuskatti til greiðslu vegna ársins og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörssdegi. Tekjuskattsskuldbinding er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun á efnahagsliðum samkvæmt skattauppgjöri annars vegar og reikningsskilum félagsins hins vegar. Mismunur, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar aðallega um tímamismun að ræða þar sem gjöld, einkum afskriftir, eru að jafnaði færð fyrir í skattauppgjöri en í ársreikningi.

Skýringar, frh.:

4. Starfsmannamál

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2025	2024
Laun	21.177.750	13.161.000
Launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	6.627.249	2.928.819
Eignfærður launakostnaður	0	(3.157.896)
Laun og launatengd gjöld samtals	27.804.999	12.931.923
Fjöldi stöðugilda	1,0	0,5

5. Tekjuskattur

Virkt skatthlutfall greinist þannig:	2025	2024
Hagnaður fyrir skatta	254.156.571	224.448.290
Tekjuskattur samkvæmt		
gildandi skatthlutfalli	20% (50.831.314)	20% (44.889.658)
Áhrif tímabundinnar hækkunar tekjuskatts %	0% 0	0% (1.945.216)
Annað	0% (4.280)	0% (4.180)
Virkur tekjuskattur	20% (50.835.594)	20% (46.839.054)

6. Rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:	Húsnæði	VSS kerfi	Tetra kerfi	Bifreiðar og flutningataeki	Samtals
Stofnverð 1.1.2025	1.472.899.491	141.084.926	1.845.378.909	84.321.348	3.543.684.674
Viðbót á árinu	34.734.418		17.425.853	0	52.160.271
Selt og niðurlagt á árinu	0	0	0	(732.527)	(732.527)
Stofnverð 31.12.2025	1.507.633.909	141.084.926	1.862.804.762	83.588.821	3.595.112.418
Afskrifað samtals 1.1.2025	112.588.503	70.362.446	1.285.194.397	45.059.869	1.513.205.215
Selt og niðurlagt á árinu	0	0	0	(231.965)	(231.965)
Afskrifað á árinu	50.514.420	11.661.037	96.086.888	10.480.182	168.742.527
Afskrifað samtals 31.12.2025 ..	163.102.923	82.023.483	1.381.281.285	55.308.086	1.681.715.777
Bókfært verð 1.1.2025	1.360.310.988	70.722.480	560.184.512	39.261.478	2.030.479.458
Bókfært verð 31.12.2025	1.344.530.986	59.061.443	481.523.477	28.280.734	1.913.396.640

*Meðal eignfærðs húsnæðiskostnaðar er eignfærður 23 millj. kr. fjármagnskostnaður sem féll til við fjármögnun á byggingu flugskýlis. Bókfært verð eignfærðs fjármagnskostnaðar nemur 21,5 millj. kr. í árslok. Kostnaðurinn er eignfærður í samræmi við 4. mgr. 29. gr. laga um ársreikninga.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir samanstanda af eignfærðum þróunarkostnaði vegna 700-tíðni Póst og Fjarskiptastofnunar sem fyrirhugað er að taka í notkun á næstu árum. Sjá breytingu á bókfærðu virði ársins:

Bókfært verð í ársbyrjun	9.747.000
Eignfært á árinu	5.130.000
Bókfært verð í árslok	14.877.000

Skýringar, frh.:

7. Vátryggingarverð og fasteignamat

Vátryggingarverð húsnæðis og kerfa var 3.470 millj. kr. í árslok en bókfært verð nam 1.928 millj. kr. Bifreiðar eru tryggðar kaskótryggingum. Fasteignamat nam 1.153 millj. kr. í árslok.

8. Hlutfé

Hlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 1.160 millj. kr. í árslok og breyttist ekki á árinu. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

9. Yfirlit um eiginfjárreikninga

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2025	1.160.000.000	94.718.959	835.889.869	2.090.608.828
Fært í varasjóð		20.332.098	(20.332.098)	0
Hagnaður ársins			203.320.977	203.320.977
Eigið fé 31.12.2025	1.160.000.000	115.051.057	1.018.878.748	2.293.929.805

10. Skattskuldbinding

Skattskuldbinding félagsins greinist þannig:

	2025	2024
Reiknuð skattskuldbinding í ársbyrjun	(16.920.147)	(10.930.633)
Reiknaður tekjuskattur	(50.835.594)	(46.839.054)
Tekjuskattur til greiðslu	50.026.657	40.849.540
Reiknuð skattskuldbinding í árslok	(17.729.084)	(16.920.147)
Tekjuskattsskuldbinding skiptist þannig:	31.12.2025	31.12.2024
Varanlegir rekstrarfjármunir	(17.576.961)	(16.920.147)
Viðskiptakröfur	(152.123)	0
Tekjuskattsskuldbinding samtals	(17.729.084)	(16.920.147)

11. Tekjuskattur til greiðslu

Tekjuskattur til greiðslu árið 2026 vegna rekstrarársins 2025, hefur verið reiknaður og færður í ársreikning félagsins.

12. Fyrirframinnheimtir styrkir

Félagið móttók styrk á árinu 2021 vegna framkvæmda sem félagið tók að sér á Vatnsenda. Framangreindum framkvæmdum er ekki að fullu lokið í árslok 2025 og er því hluti af mótteknum styrkjum færður sem fyrirfram innheimtar tekjur meðal skammtímaskulda.